

Fundargerð

16. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Hvanneyri, 4. nóvember 2010 kl. 13:00 – 15:30

Mættir aðalmenn: Skúli Skúlason, formaður, Sigurður Már Guðjónsson, Áslaug Helgadóttir, Jón Viðar Jónmundsson, Trausti Baldursson, Þorvaldur Kristjánsson (varam. Emmu Eypórsdóttur).

Aðalsteinn Sigurgeirsson boðaði forföll.

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskrá samþykkt. Birna ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 15. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Undirritaður var samstarfssamningur milli Landbúnaðarsafns Íslands og Erfðanefndar landbúnaðarins sem felur í sér samstarf í gegnum sameiginleg viðfangsefni. Kynningarbás hefur verið settur upp í LbsÍ þar sem starfsemi Erfðanefndar landbúnaðarins verður kynnt. Nýr verksamningur var undirritaður við erfðalindasetur LbhÍ sem gildir til 31.12.2010. Rætt var um að fara þess á leit við SLR að framlög til Erfðanefndar landbúnaðarins yrðu á sér lið á fjárlögum í framtíðinni.

4. Rekstur og áætlunargerð

Formaður skýrði frá því að niðurskurður kæmi niður á nefndinni og lækkar framlag úr 5.600.000 í 3.400.000. Rætt var um hvernig ætti að bregðast við þessum niðurskurði og fylgja stefnumörkunaráætluninni eftir. Fjármál fá frekari umfjöllun á næsta fundi sem verður haldin 26.11 í tengslum við málþingið.

5. Umfjöllun um stofnsetningu „vernadararka“ og/eða „björgunarstöðva“.

Rætt var erindi frá Ólafi R. Dýrmondssyni um stofnum verndararka og/eða björgunarstöðva og skráningu þeirra í svokallaðri ELBARN áætlun til verndunar og björgunar sjaldgæfra búfjárkynja í Evrópu.

Samþykkt var að skrá geitastofnin sem búfjárkyn í hættu til ELBARN samtakana.

6. Eftirfylgni við stefnumörkun erfðanefndar

BKB fór yfir þau verkefni sem unnin hafa verið frá síðasta fundi. Lagt var fram yfirlit yfir allar þær aðgerðir og verkefni sem listuð eru í stefnumörkunaráætluninni til að auðvelda yfirsýn einstakra atriða. Borist hefur skýrsla frá hrossaræktarráðunaut Guðlaugi Antonssyni um erfðafræðilegt ástand stofnsins og kynbótamarkmið.

7. Málþing í tengslum við Ár líffræðilegrar fjölbreytni

SS, ÁH og SMG voru skipuð í undirbúningsnefnd. Ákveðið er að halda málþing þann 26. nóvember nk. í Þjóðminjasafninu, þema málþingsins verður ferskvatnsfiskar.

Nefndin fól SMG og BKB að fullgera auglýsingu og senda í tölvupósti til helstu markhópa.

8. Alþjóðlegt samstarf

ÁH gerði grein fyrir stöðu mála hjá Nordgen og að stofnunin stæði frammi fyrir mikum fjárhagserfiðleikum og niðurskurður væri framundan. Mikið fé vantaði í reksturinn og til að endurnýja tækjakost til að geta sinnt þeim verkefnum sem stofnuninni er ætlað að sinna.

9. Önnur mál

Rætt var um bréf frá Högna Sigurjónssyni um Tilapiu eldi og umsókn frá Skottu ehf um innflutning á ánamöðkum frá Nýja-Sjálandi af tegundinni haugáni (*Eisenia fetida*).

Starfsmanni erfðalindaseturs falið að gera uppkast að bréfi til SLR varðandi innflutning á haugánum.

10. Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðin 26. Nóvember 2010 kl. 11:45 í Þjóðminjasafninu